

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Reykjagarður Ásmundarstöðum



|                            |                                                   |                                |                          |
|----------------------------|---------------------------------------------------|--------------------------------|--------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 4.12.2025                                         | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Auður Eyberg Helgadóttir |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Reykjagarður                                      | <b>Eftirlitsmaður</b>          | Auður Eyberg Helgadóttir |
| <b>Heimili</b>             | Ásmundarstaðir                                    | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið              |
| <b>Kennitala</b>           | 6509032180                                        | <b>Flokkur</b>                 | Þauleldi                 |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Magnús Huldar Ingbórsson                          | <b>ÍSAT nr.</b>                | 01.47.1                  |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Kristbjörg Sara, Sigurður Óskar, Tinna og Bryndís | <b>Staðsetning</b>             |                          |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Reykjagarði á Ásmundarstöðum. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 22. september 2023 sem gildir til 22. ágúst 2039. Rekstraraðila er heimilt að reka kjúklingabú, með stæði fyrir allt að 145.000 holdakjúklinga og 32.000 fugla til undaneldis.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
3. Áhættumat
4. Lyktarstjórnun, mælingar
5. Dreifing áburðar
6. Áætlanir
7. Kvartanir
8. Vettvangsferð
9. Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og tvær ábendingar voru settar fram. Öllum frávikum hefur verið lokað og brugðist var við ábendingunum.

2. Fjöldi fugla í búinu er stöðugur og undir 145.000. Ársyfirliti, grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn fyrir 1. maí 2025. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi en ekki vottað.

3. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Reykjagarður sendi inn þann 29. apríl 2025 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningunum var heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,43 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Heildarlosun fosfórs fyrir árið 2024 sem úrgangsefni var 0,049 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2024 var heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,03 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Reykjagarður sendi einnig inn þann 29. apríl 2025 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024 fyrir varphænumar. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2024 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,7 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Heildarlosun fosfórs fyrir árið 2024 sem úrgangsefni var 0,19 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2024 var heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,08 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Rekstraraðili er með áætlun um nýtingu á húsdýraáburði sem gildir til ársins 2029. Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og var skirteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í skoðunarferð á Ásmundarstöðum og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

#### **ÁBENDINGAR**

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.12.2025

---

Auður Eyberg Helgadóttir